



Velferðarnefnd
nefundasvid@althingi.is

Reykjavík, 29. október 2018

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2022 til að styrkja stöðu barna og ungmenna - 13. mál, tillaga til þingsályktunar 149. löggjafarþing 2018-2019

Umsögn

Við undirrituð lýsum yfir ánægju með marga þætti tillögunnar. Við teljum hinsvegar mikilvægt að koma eftirfarandi áherslupáttum á framfæri.

Nauðsynlegt er að skilgreina betur ábyrgð, verklag og þjónustu 1., 2. og 3. línu þjónustu og samvinnu eða flæðis á milli þeirra. Jafnframt þarf að styrkja og skilgreina verklag og ábyrgð á milli 2. og 3. línu þjónustunnar til að koma í veg fyrir fráflæðisvanda frá 3. línu stofnunum s.s. Barna- og unglingsdeild (BUGL).

Raunveruleikinn í dag birtist ekki síst í ákveðnu tómarúmi hvað varðar 2. stigs úrræði fyrir ungmenni 18 ára og eldri. Nær ógerlegt er að fá tíma hjá sjálfstætt starfandi geðlæknum á stofu sem taka ekki nýja sjúklinga eða biðlistar eru óhóflega langir. Um 20% barna á BUGL eru yfir 18 ára gömul. Oft er um að ræða börn sem hafa verið lengi í þjónustu og eru jafnvel á flókinni lyfjameðferð.

Á undanförunum árum hefur samvinna BUGL við heilsugæslustöðvar aukist. Haldnir eru þverfaglegir teymisfundir þar sem farið er yfir málefni barnanna með aðkomu ólíkra kerfa. Þessi samvinna hefur þó aldrei verið skilgreind en þróast út frá áhuga stofnananna sjálfra og starfsmanna þeirra. Að mati flestra hefur mikið áunnist en efla þarf þessa þjónustu betur, útvíkka og skilgreina.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að mælt er með afkastahvetjandi kerfi gagnvart greiningum. Við undirrituð teljum að það fyrirkomulag krefjist frekari skýringa, þar sem það geti mögulega leitt til ofgreininga.

Virðingarfyllst með kveðju,

Gísli Baldursson, starfandi yfirlæknir BUGL

Guðrún B. Guðmundsdóttir, sérfræðilæknir á BUGL

Helga Jörgensdóttir, hjúkrunardeildarstjóri göngudeildar BUGL

Sigurveig Sigurjónsd. Mýrdal, hjúkrunardeildarstjóri legudeildar BUGL